

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, SORPSAMLAG ÞINGEYINGA

Dagsetning	25.5.2011	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Þingeyinga	Starfsleyfi, gildir til	1.2.2018
Heimilisfang	Víðimóar 2, Húsavík	Tegund eftirlits	Reglubundið- fyrra
Kennitala	711001-2470	Fulltrúar fyrirtækis	Hafsteinn Gunnarsson
Isat nr.	38.21.0; 38.22.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Meðhöndlun sorps, m.a. sorbrennsla		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar eru tvær athugasemdir og þrjú frávik staðfest. Athugasemdir eru gerðar við stíflað niðurfall við olíutank og neyðaráætlun en frávikin varða símæligögn sem ekki hafa borist Umhverfisstofnun, lágan hraða útblásturslofts, og áhættumat og viðbragðsáætlun. Til stendur að fara yfir ráðstöfun ösku frá sorpbrennslunni.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 739/2003 um brennslu úrgangs, er varða mengunarvarnir og skráningar. Sorpbrennsla var skoðuð og fundur haldinn með Þorkeli Björnssyni heilbrigðisfulltrúa NE. Þá er lagt mat á framlagða neyðaráætlun.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Símæligögn, sem skila skal árlega hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

Frávik frá: Ákvæðum 2.21 og 2.22 í starfsleyfi en samkvæmt þeim skal mæla samfellt tiltekin mengunarefni. Símæligögnum skal skila til Umhverfisstofnunar árlega sbr. gr. 32 í reglugerð 739/2003.

Frávik 2:

Samkvæmt mælingum Nm1 er útblásturshraði í reyk háf 9m/s.

Frávik frá: Ákvæði. 2.20 í starfsleyfi en útblásturshraði skal vera meiri en 20 m/s.

Frávik 3:

Áhættumat hefur ekki verið gert. Viðbragðsáætlun hefur verið send Umhverfisstofnun en hún skal byggð á áhættumati. Áhættumat skv. Vinnuumhverfisvísi var sent Umhverfisstofnun með tölvupósti 27. Júlí 2011.

Frávik frá: 18 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda en samkv. henni ber rekstraraðila að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, sem og viðbragðsáætlun.

Athugasemd 1:

Frárennsli við olútank var stíflað og safnaðist vatn fyrir við tankinn, en til stóð að laga ástandið. Samkvæmt ákv. 2.7 í starfsleyfi skal veita vatni frá og í gegnum olíuskilju.

Athugasemd 2

Neyðaráætlun hefur verið send Umhverfisstofnun. Áætlunin skal skv. ákv. 4.7 innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs ef kemur til óvæntrar stöðvunar brennslunnar og skal spanna þann tíma sem stöðin er ekki í notkun. Samkvæmt neyðaráætluninni er gert ráð fyrir að urða úrgang frá m.a. Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi, en söfnunarsvæði samkvæmt starfsleyfi urðunarstaðarins er Öxarfjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur. Þessir hreppir voru sameinaðir Norðurþingi árið 2006. Lagfæringa er þörf á áætluninni.

Önnur atriði:

Tilhögun á ráðstöfun botn- og flugösku hefur ekki verið útkljáð. Umhverfisstofnun mun kalla rekstraraðila til fundar vegna málsins að sumarfríum loknum.

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.